

Mál nr. 156/2006
M og
Vátryggingafélagið V) hf. v. A og B

Árekstur bifreiða á Suðurlandsbraut í Reykjavík þ. 1.8.2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 18.8.2006.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 655/06
3. Lögregluskýrsla dags. 2.8.2006 ásamt ljósmyndum
4. Bréf V. dags. 23.8.2006 og annáll tjóns.

Málsatvik.

A var ekið út frá húsagötu og beygt áleiðis til hægri austur Suðurlandsbraut. Ökumaður B ók Suðurlandsbraut til austurs og skipti um akrein yfir á hægri akrein um það leyti sem hann kom að umræddum gatnamótum og varð árekstur með A og B þegar framhorn B lenti á afturhorni A. Biðskylda er á umferð frá húsagötunni sem A ók út frá gagnvart umferð um Suðurlandsbraut. Ökumaður A segist hafa stöðvað á gatnamótunum og litið til austurs og síðan ekið inn á Suðurlandsbraut þegar hægri akrein var auð en nokkru síðar hafi komið högg á A og hafi hún aldrei veitt B athygli fyrr en við áreksturinn. B segist hafa ekið Suðurlandsbraut til austurs eftir vinstri akrein og ekið á eftir hægfara jeppa og ákveðið að skipta um akrein til hægri þegar hann nálgæðist gatnamót húsagötunnar og um leið og hann skipti um akrein hafi hann veitt A athygli þar sem A var ekið af húsagötunni og inn á Suðurlandsbraut, hafi hann þá hemlað en það ekki dugað til að koma í veg fyrir árekstur.

Álit.

A bar að veita umferð um Suðurlandsbraut forgang. Ökumaður A tók áhættu af því að aka inn á Suðurlandsbraut eins og háttaði til þ.e. umferð var á vinstri akrein. Áreksturinn varð það skammt frá húsagötunni þar sem A ók inn á Suðurlandsbrautina að ekki er forsenda til að skipta sök. Ekki liggur fyrir að B hafi verið ekið of hratt miðað við aðstæður. A ber því alla sök.

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík 26.9.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.